

Ný-útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

Lög um viðauka við og breyting á lögum 14. janúar 1876, um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, er flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur, undirskrifuð af konungi 1. apríl 1896. (A. nr. 9, bls. 30 og 32, þýðing á bls. 31 og 33).

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um gjaldgengi útlendra peninga í jarðabókarsjóð. — Út af erindi landfógetans á Íslandi, er þjer, herra landshöfðingi, senduð hingað með þóknanlegu brjefi, dags. 21. nóv. f. á., þar sem hann hefur sýnt fram á, að æskilegt sje, að ákvarðanirnar í brjefi innanríkisstjórnarinnar 12. apr. 1854 um viðtöku útlendra peninga í jarðabókarsjóð sjeu úr gildi felldar, og í þeirra stað settar nýjar reglur, sniðnar eptir breytingum þeim, er á eru orðnar, hefur ráðaneytið ályktað samkvæmt tillögum landfógeta, er þjer hafið mælt fram með, að fella fyrir mæli tjeds brjefs úr gildi, og er í þess stað ákveðið það, er nú skal greina:

1. Í jarðabókarsjóð má veita viðtöku uppi skyldugjöld frá innheimtumönnum landssjóðs þeim útlendu gjaldmiðlum, er hjer segir:

Norskum og sænskum ríkisbankaseðlum, og enskum og frakkneskum bankaseðlum, enskum og frakkneskum gullpeningum svo og gullpeningum frá öðrum löndum, sem eru í hinu latneska, þýska eða rússneska myntsambandi, allt þó því að eins, að það ekki komi í bága við hagsmuni landssjóðs, og eptir því gangverði í hvert skipti sem gjaldmiðlar þessir hafa á Íslandi.

2. Öðrum útlendum seðlum, gull-, silfur- og koparpeningum er ekki veitt viðtaka frá gjaldheimtumönnum í Reykjavík og Gullbringu- og Kjósarsýslu, og frá gjaldheimtumönnum, sem eiga heima lengra burtu, einungis til víxlunar í landsbankanum fyrir það verð, er í hvert skipti er gefið þar.

Landshöfðingja skal heimilt að gjöra þær breytingar á þessum ákvörðunum, er síðar mættu álitast við eiga.

Þetta tilkynnist yður hjer með, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B—deild Stjórnartíðindanna og á þann hátt, er yður að öðru leyti mætti hentugt þykja.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um sveitfesti þurfalings. — Eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef yðar, herra amtmaður, dags. 27. f. m., og þar með fylgjandi erindi frá bæjarfógetanum í Reykjavík, þar sem hann fyrir hönd fátækraneðndarinnar í Reykjavík áfrýjar til mín úrskurði amtsins, dags. 19. desbr. f. á., er ákveður að Ólafur Guðmundsson í Garðhúsum við Reykjavík skuli álitast sveitlægur í Reykjavík, skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, að jeg er yður samdóma um, að fátækraneðnd Reykjavíkur, sem er fæðingarsveit tjeds Ólafs, hafi ekki fært nægar sannanir fyrir því, að hann hafi dvalið í Seltjarnarneshreppi eða annarsstaðar 10 ár samfleytt eptir 16 ára aldur, og að hann verði því ekki álitinn hafa unnið sjer sveitfesti neinstaðar utan fæðingarsveitarinnar. Úrskurður yðar, er að framan er nefndur, skal því óraskaður standa.

26. dag maímán. 1896.

Þetta tilkynnist yður hjer með, herra amtmáður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

1) Úrskurður amtmanns er svolátandi:

Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 2. apríl þ. á., hafið þjer, velborni herra bæjarfógeti, skotið til amtsins ágreiningi milli yðar og sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu um sveitfesti Ólafs tómthúsmanns Guðmundssonar í Garðhúsum, sem hefur orðið þurfandi sveitarstyrks, og sem þjer og fátækranefndin í Reykjavík álitíð eiga framfærslurjett í Seltjarnarneshreppi, og hef jeg, eptir að hafa leitað og meðtekið frá sýslumanninum ýmsar nánari upplýsingar og skýrslur, máli þessu viðvikjandi, lagt svolátandi úrskurð á það.

Ólafur Guðmundsson er eptir eigin skýrslu hans fæddur í apríl 1849 í Nýjabæ í Skuggahverfi við Reykjavík, og frá því hann varð 16 ára að aldri segist hann hafa verið 3 ár í Garðahreppi innan Gullbringu- og Kjósarsýslu, 2 ár í Reykjavík og 3 ár í Kjalarneshreppi innan nefndrar sýslu, en upp frá því, eða frá því á vorinu 1873, 10 ár í Seltjarnarneshreppi; eptir þessa dvöl þar, hefur hann svo verið 3 ár í Reykjavík og 5 ár í Norðurlandi og svo aptur í Reykjavík þar til nú. Úrslit þessa máls eru þannig undir því komin, hvort álitíð verði að 10 ára dvöl hans í Seltjarnarneshreppi hafi verið svo varið, að hún geti helgað honum sveitfesti þar.

Ólafur skýrir sjálfur svo frá, að öll þessi 10 ár hafi hann verið vinnumaður, ýmist í Mýrarhúsum og Ráðagerði hjá Þórði bónda Jónssyni, og ýmist í Nýjabæ hjá Brynjólfi heitnum Magnússyni, nema eitt árið, sem eptir framburði hans hlýtur að hafa verið vistarárið 1879—80; það vistarárið hefur hann verið lausamaður og þykist hafa átt heimili í Ráðagerði, en um sumarið hafi hann farið í kaupavinnu norður í land og svo verið til sjóróðra þar fyrir norðan og eigi komið heim að Ráðagerði, þar sem hann þykist hafa skilið eptir plögg sín, fyrir en eptir nýár. Nú hefur Þórður bóndi Jónsson aptur á móti skýrt svo frá, að Ólafur hafi aðeins verið 3 ár vinnumaður sinn, en part af tveimur árum sem sjómaður í Ráðagerði án þess að eiga heimili þar. Í annan stað hefur Ólafur orðið að leiðrjetta skýrslu þá, sem hann fyrst gaf fyrir rjetti um æfiferil sinn, og eins og hún nú liggur fyrir, kemur hún alls eigi heim við framburð fjöggra vitna (sem að vísu eigi ber saman) að því leyti, er snertir þau vistarár. er hann telur sig hafa verið hjá aðurnefndum húsbændum, sínum, þar sem Ólafur hefur skýrt svo frá, að Ingjaldur hreppstjóri Sigurðsson á Lambastöðum og Ólafur Guðmundsson á Mýrarhúsum hafi krafíð sig um útsvar sama veturinn, sem hann kom að norðan, eins og sagt er, og hann svo borgað eitthvað til hreppsins, þá sjest það eigi af jafnaðarreikningum hreppsins fyrir 1877/78 — 1880/81, nje af fylgiskjölum hans, að Ólafur Guðmundsson hafi greitt nokkurt gjald til sveitarinnar á þessum árum, enda hefur Ingjaldur Sigurðsson neitað því, að framburður Ólafs um þetta atriði væri rjettur. Ennfremur veikist framburður Ólafs við það, að hann er eigi talinn í manntalsbókum Reykjavíkur prestakalls 1877 og 1878, sem að vísu eigi hefur mikla sannandi þýðingu útaf fyrir sig, en hjer við bætist, að Ólafur finnst ekki á verkfærra karlmannaskránni úr Seltjarnarneshreppi fyrir 1878 og 1879; verkfærramannaskýrslan fyrir 1880 sýnir ennfremur, að hann þá hefur átt heimili á Nýjabæ, en hjer af leiðir, að hann hefur komið að Nýjabæ í annað sinn vorið 1879 en ekki 1880, eins og skýrsla hans gengur út á.

Skýrsla Ólafs sjálfs verður því eigi lögð til grundvallar við úrslit þesssa máls, og verður eigi álitíð sannað, að hann hafi haft lögheimili í Seltjarnarneshreppi 10 ár samfleytt, heldur hefur sveitfestisdvöl hans í öllu falli slitnað við veru hans fyrir norðan, hvort sem það hefur verið á vistarárinu 1878—79 eða 1879—80.

Samkvæmt þessu úrskurðast hjer með að Ólafur tómthúsmaður Guðmundsson í Garðhúsum sje sveitlægur í Reykjavík, þar sem hann er fæddur.